

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga hafa neðangreindar deiliskipulagstillögur hlotið málsmeðferð og öðlast þegar gildi:

*Deiliskipulag fyrir Tjarnargíg.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 25. júní 2025 deiliskipulag fyrir Tjarnargíg. Um er að ræða deiliskipulag fyrir aðstöðu fyrir ferðafólk við Tjarnargíg, sem er innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 14. apríl 2025.

*Núpar, breyting á deiliskipulag.*

Breytingin gengur út á aukið byggingarmagn úr 3.000 m<sup>2</sup> í 4.700 m<sup>2</sup>. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20. janúar 2025.

*Giljaland, breyting á deiliskipulagi.*

Breytingin gengur út að deiliskipulagssvæðið er stækkað til suðurs og verður eftir breytingu 5,9 ha. Bætt er við byggingarreit B5 þar sem heimilt verður að reisa þjónustuhús og tæknirými, 6 smáhýsi sem hvert og eitt er 15,95 m<sup>2</sup> að grunnfleti og 4 smáhýsi 25 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20. janúar 2025.

Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga hefur neðangreint deiliskipulag hlotið málsmeðferð og öðlast þegar gildi:

*Fristundabyggð í landi Hrífuness.*

Skilgreindur verður nýr byggingarreitur en innan hans verði heimilt að endurbyggja núverandi fjárhús á lóðinni og innrétta sem farfuglaheimili með gistingu fyrir allt að 160 manns. Tillagan var grenndarkynnt með athugasemdafresti til 27. apríl 2025.

*Skaftárhreppi, 9. október 2025.*

**Óskar Örn Gunnarsson** skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 10. október 2025